


Þjálfun í fagritun

Að vinna á fjölbreyttan hátt með orð og texta eflir orðaforða og orðskilning. Að rita fagtexta, án þess að skrifa hann beint upp, er erfitt fyrir nemendur á miðstigi. Eitt ritunarverkefni nefni ég hér sem vakti áhuga hjá nemendum. Það má útfæra og nýta í öðrum námsgreinum.

Viðfangsefnið var: Jörð verður til á bls. 43 - 46 í Auðvitað 2.

Nemendur hafa unnið ritunarverkefni í tölvum en þá hef ég misst þá í "copy/paste taktinn".

Í þessu verkefni þurftu nemendur að lesa textann vel og nýta sér **svörtu** orðin í honum til þess að finna aðalatriðin. Leiðin: lesa, skrá uppkast, skipuleggja útliti og frágang, rita sem mest með eigin orðum og myndtúlka. Þetta gekk mjög vel og nemendur, sem oftast eru áhugalitlir, fundu sig í verkefninu 😊 Öll verkefni voru hengd upp og allir vildu taka þau með sér heim um vorið 😊



Leiðir sem ég hef farið í ritun

Nemendur:

- Skrifa texta um ákveðið efni og nýta svörtu orðin
- Skrá niðurstöður tilrauna með eigin orðum og fagorðum
- Fá fagorð og nemendur rita stuttan texta út frá þeim – hentar vel í líffræðinni

Ritunaruppskrift

- Skrifa á samfelldu máli
- Í tímaröð
- Muna eftir fagorðum
- Skrifa eins og vísindamenn - Vera nákvæm, skipulögð og fræðandi